



Skýrslur um erindrekstur o.fl. 1956 – 1958, fyrri hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Verslunarmál á Austurlandi – Fjórðungsþing ungra
sjálfstæðismanna – Landsfundur Sjálfstæðisflokkssins – Um blaðið Íslending – Prófkjör í Garða- og
Bessastaðahrepp og Vestfjarðakjöræmi

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-41, Örk 6



Landsfundur Sjálfstæðisflokkssins

20. - 23. APRÍL 1967

Í SJÁLFSTÆÐISHÚSINU, REYKJAVÍK

D A G S K R Á:

Kl. 20.30	<p><i>20. apríl, fimmtudagur:</i> Fundarsetning í Háskólabíó. Ræða formanns Sjálfstæðisflokkssins, dr. Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra.</p>	Kl. 10—12 — 14	<i>22. apríl, laugardagur:</i> Nefndir atvinnustéttar starfa. Ræða fjármálaráðherra, Magnúsar Jónssonar. Hlé.
— 10—12	<p><i>21. apríl, föstudagur:</i> Tilhögun fundarins. Starfsemi flokkssins — greinargerð framkvæmdarstjóra. Almennar umræður.</p>	— 17—18.30 — 20	Kjördæmanefndir starfa. — Kaffiveitingar. Stjórnmálayfirlýsing — nefndarálit — umræður. Leiksýning í Pjóðleikhúsinu.
— 14	Ræða varafomanns Sjálfstæðisflokkssins, Jóhanns Hafstein, dómsmálaráðherra. Hlé.	— 10 — 14	<i>23. apríl, sunnudagur:</i> Stjórnmálayfirlýsing — umræður. Kosning miðstjórnar. Stjórnmálayfirlýsing — umræður — afgreiðsla. Fundarslit.
— 16.30	I fundarhléi heldur Samband ungra Sjálfstæðismanna kaffisamsæti í Tjarnarbúð fyrir unga Sjálfstæðismenn á landsfundinum. — Sjálfstæðiskvennafélagið „Hvöt“ heldur konum á landsfundi kaffisamsæti í Slysavarnarhúsinu við Grandagarð.	— 20.30	Kvöldfagnaður fyrir landsfundarfulltrúa í Sjálfstæðishúsinu, Hótel Borg og Hótel Sögu.
— 17.30—19	Ræða landbúnaðarráðherra, Ingólfss Jónssonar.		
— 20.30	Almennar umræður.		

Héraðsmót og samkomur 1956:

15. apríl: Akranes, Borgarf. (Vormót S.U.S.)

Pétur Ottesen,
Þorv. G. Kristjánsson,
Guðmundur Jónsson,
Guðrún Á. Símonar,
Hjálmar Gíslason.

28. apríl: Stykkishólmur, Snæf. (Vormót S.U.S.)

Sigurður Ágústsson,
Eyjólfur K. Jónsson,
Ásgeir Pétursson.
Puríður Pálsdóttir,
Jón Sigurbjörnsson,
Gamanþáttur.

20. maí: Vestmannaeyjum, (Samkoma F.U.S. Vm.)

Ingólfur Jónsson,
Jóhann P. Jósefsson,
Pórarinn Þorsteinsson,
Pétur Sæmundsen.
Jón Sigurbjörnsson,
Gestur Þorgrímsson,
Höskuldur Skagfjörð.

26. maí: Keflavík, Gullbr.s.

Ingólfur Jónsson.
Kristinn Hallsson,
Karl Guðmundsson,
Emelia og Nína.

26. maí: Vík í Mýrdal, V-Skaft.

Ólafur Thors,
Jón Kjartansson,
Þorsteinn Hannesson,
Brynjólfur Jóhannesson,
Har. Á. Sigurðsson.

26. maí: Hólmavík, Strand.

Gunnar Thoroddsen,
Ragnar Lárusson,
Einar Sturluson,
Hjálmar Gíslason,
Höskuldur Skagfjörð.

26. maí: Selbstossi, Árn. (Vormót S.U.S.)

Ásgeir Pétursson,
Dr. Sveinn Þórðarson,
Ragnhildur Helgadóttir.
Puríður Pálsdóttir,
Jón Sigurbjörnsson,
Gestur Þorgrímsson,
Evar Kvaran.

2. júní: Hella, Rang. (Samk. "Fjölnis")

Sverrir Hermannsson,
Bragi Hannesson,
Kristinn Hallsson,
Har. Á. Sigurðsson,
Höskuldur Skagfjörð.

9. júní: Njarðvíkum, Gullbr. (Vormót S.U.S.)

Ragnhildur Helgadóttir,
Ásgeir Pétursson,
Guðmundur Jónsson,
Benedikt Árnason,
Klemenz Jónsson.

9. júní: Sauðárkrúki, Skag. (Vormót S.U.S.)

Páll Kolka,
Valgarð Briem,
Bragi Hannesson,
Jón Sigurbjörnsson,
Karl Guðmundsson,
Baldur Hólmgeirsson.

9. júní: Ísafirði.

Ólafur Thors,
Kjartan Jóhannsson,
Kristinn Hallsson,
Brynjólfur Jóhannesson,
Har. Á. Sigurðsson.

10. júní: Bolungarvík, N.-Ís.

Ólafur Thors,
Sigurður Bjarnason,
Kristinn Hallsson,
Brynjólfur Jóhannesson,
Har. Á. Sigurðsson.

10. júní: Búðardal, Dalas.

Gunnar Thoroddsson,
Friðjón Þórðarson,
Guðmundur Jónsson,
Klemenz Jónsson,
Benedikt Árnason.

11. júní: Núpi, V.-Ís.

Ólafur Thors,
Þorv. G. Kristjánsson,
Kristinn Hallsson,
Brynjólfur Jóhannesson,
Har. Á. Sigurðsson.

13. júní: Borgarnesi, Mýr.

Gunnar Thoroddsson,
Pétur Gunnarsson,
Jón Sigurbjörnsson,
Brynjólfur Jóhannesson,
Har. Á. Sigurðsson.

16. júní: Hlégarði, Kjós.

Ólafur Thors,
Jóhann Hafstein,
Har. Á. Sigurðsson,
Brynjólfur Jóhannesson.

16. júní: Breiðabliki, Snæf.

Gunnar Thoroddson,
Sigurður Ágústsson,
Kristinn Hallsson,
Klemenz Jónsson,
Benedikt Árnason.

(18. júní:) Hafnarfirði: (Kosn. fundur)

Ræður.
Brynjólfur Jóhannesson,
Har. Á. Sigurðsson,
Kristinn Hallsson.

21. júní: Njarðvíkum, Gullbr. (Samk. "Mjölnis")

Ræður.
Guðmundur Jónsson,
Brynj. Jóhannesson,
Har. Á. Sigurðsson.

júlí Akranes, Borgarf.

Ræður.
Kristinn Hallsson,
Brynjólfur Jóhannesson,
Har. Á. Sigurðsson.

29. júlí: Sauðárkróki, Skag.

Björn Ólafsson,
Sr. Gunnar Gíslason,
Guðmundur Jónsson,
Hjálmar Gíslason.

6. ágúst: Egilssstöðum (Austurland)

Sigurður Bjarnason,
Kristmann Guðmundsson,
Evar Kvaran,
Sigfús Halldórsson,
Kristinn Hallsson.

19. ágúst: Reykjanesi, N-Ís.

Sigurður Bjarnason,
Friðjón Pórðarson,
Ketill Jensson,
Evar Kvaran,
Sigfús Halldórsson.

19. ágúst: Ölver, Borgarf.

Magnús Jónsson,
Kristinn Hallsson,
Valur Gíslason,
Klemenz Jónsson.

2. sept. Hellu, Rangárv.s.

Ingólfur Jónsson,
Sr. Sigurður Einarsson,
Guðmundur Jónsson,
Valur Gíslason,
Klemenz Jónsson.

2. sept.: Blönduósi, A-Hún.

Magnús Jónsson, alþm.
Jón Pálason,
Kristinn Hallsson,
Evar Kvaran,
Sigfús Halldórsson,
Arni Tryggvason.

13. okt.: Mánagarði, A-Skaft.

Sverrir Júlíusson,
Gísli Jónsson,
Guðmundur Jónsson,
Har. Á., Sigurðsson.

13. okt.: Borgarnesi, Mýr. (Haustmót S.U.S.)

Bjarni Benediktsson,
Ásgeir Pétursson,
Kristinn Hällsson,
Hjálmar Gíslason,
Sigurður Ólafsson.

10. nóv.: Hellu, Rang. (Samkoma S.U.S.)

Gunnar Thoroddson,
Ásgeir Pétursson,
Guðmundur Jónsson,
Hjálmar Gíslason,
Akrobatik.

20. okt.: Kirkjubæjarkl., V.-Skaft.

Bjarni Benediktsson,
Jón Kjartansson,
Sr. Sigurður Einarsson,
Guðmundur Jónsson,
Evar Kvaran,

17. nóv.: Keflavík, Gullbr. (Árshátið Sj.fél.)

Ólafur Thors,
Alfreð Gíslason,
Friðrik Þorsteinsson,
Puríður Pálsdóttir,
Magnús Jónsson,
Sigríður Hannesdóttir.

Sigurður Helgason

Ágúst 1957

S k y r s l a

um ferð til Austur - Skaftafellssýslu

Ég hef ferðast um sýsluna í eina viku og heimsótt alla trúnaðarmenn flokksins í sýslunni, nema í Öræfunum. Auk þess hef ég farið eftir leiðbeiningu þeirra og farið til þeirra, sem þeir hafa bent mér á að heimsækja.

Áberandi er, hve Sverrir Júlíusson er vinsæll meðal allra í sýslunni og hitti ég aldrei þann Sjálfstæðismann, sem ekki var "æstur" í að hann færi í frambóð næst. Hefur hann með sinni glæsilegu framkomu heillað alla og er það áberandi að ungt fólk virðist frekar hallast á sveif með okkur og eru þess jafnvel dæmi, að börn harðsvíraðra Framsóknarmanna séu ákveðin okkar megin í pólitíkinni. Aftur á móti gætir lítillar hrifningará kringum Pál, en vald og starfræksla kaupfélagsins er geysileg á þessum slóðum. Er kaupfélagsstjórinn, Ásgrímur Halldórsson, mjög vinsæll og má með sanni segja, að hann er aðalvinnuveitandinn á staðnum.

Ekki hefur hann gerst sekur um að misbeita mönnum eftir pólitík, en engu að síður er fólk hrætt í þorpinu að láta pólitískar skoðanir í ljós.

Í sveitunum eru Sjálfstæðismenn harðir á sínum skoðunum og eignum við traust fylgi þar. Er það skoðun margra parna, að Sjálfstæðismenn og Framsóknarmenn séu álíka sterkir í sveitunum en Höfn gerir útslagið okkur í óhag og er ég á sama máli.

Okkur vantar illa alla forystu og kraft í þorpinu og er aðaldragbíturinn hið mikla vald kaupfélagsins.

Verzlanirnar 3 veita kaupfélagini litla samkeppni, en þó er það helzt verzlun Einars á Hvalnesi. Síðan hann fór að kaupa afurðir af bændum, þá hafa þær hækkað í innkaupsverði og á þann hátt minnkað gróðra kaupfélagsins, en karlinn er farinn að eldast og bændur hafa litla trúá á honum í viðskiptum.

Var mikill áhugi hjá okkar mönnum í bændastétt fyrir því, að stofnsett verði áreiðanleg verzlun eða verzlunarfélag. Tel ég það undirstöðu til þess að sýslan náist, að eitthvað sé gert í þeim efnunum og væri heppilegast að kaupa aðstöðuna hjá Einari og starfrækja hana á þeim grunni. Taldist okkur til að slátrun kæmist strax upp í 3-4 þús. lömb, en það er um

helmingur allrar slátrunar í sýslunni.

Eitt aðalhagsmunamál bænda og raunar allra Austurskraftfellinga er sala á rófum og kartöflum. Einari á Hvalnesi hefur tekizt að selja miklu meira af rófum en kaupfélaginu. Væri lagt kapp á að styðja þessa nýju verzlun í þessum efnum, þá er áreiðanlega þýðingarmestu starfseminni náð. Auk þess fjölgar stöðugt þeim bátum, sem vilja leggja upp afla sinn í Höfn og varð kaupfélagið að neita mörgum um það á síðastliðinni vertíð. Er töliverð aðstaða, sem Einar hefur til þess og má áreiðanlega stórbæta hana með litlum tilkostnaði.

Flest allir útgerðarmennirnir leggja afla sinn inn hjá kaupfélaginu, en eru ekki meira en svo ánægðir. Er ég sannfærður um, að strax og ráðist verði í einhverja síðastliðinni og hún heppnast vel, þá er slagurinn uhninn en annars verður hann seinunninn.

Útgerðarmenn og bærinn á Neskaupstað hafa lagt mjög að Einari að fá aðstöðu til þess að gera að fiski hjá honum. Hafa þeir boðið til kaups lóð, sem hann hefur til umráða og er mjög vel til fallin. Er ég hræddur um að verði af kaupnum, þá sé um seinan að gera nokkuð í þessum efnum. Verður því sem allra fyrst að gera ráðstafanir til þess að þessi möguleiki renni ekki úr greipum okkar.

Pessa menn hitti ég meðal annars en eru þeir þó enganvegin tæmandi taldir:

Nesjahreppur:

Svínafell:	Sigurbergur og er hann form. verkalyðsfélagsins
Hoffell:	Par búa bræður Helgi Guðmundsson og Leifur oddvin eru þeir dugmiklir Sjálfstæðismenn.
Setberg:	Páll og Helgi Árnasynir.
Lundarbakki:	Óli Larsen
Stóralág:	Sigfinnur Pálsson.
Bjarnanes:	Sigurjón Einarsson og synir hans tveir mjög efnilagir, Snorri og Þorsteinn.
Meðalfell:	Pórólfur Einarsson.
Akurnes:	Skúli Jónsson og bróðir hans Haukur. Einnig hefur stofnað nýbýli Egill Jónsson, búfræðingur.
Ás:	Marteinn Einarsson.
Krossbær:	Vilhjálmur.

I þessum hreppi eru Sjálfstæðismenn sterkastir eiga kringum 60-70% atkvæða.

Bæjarhreppur:

Hvalnes: Benedikt Stefánsson.
Dalur: Egill Benediktsson, oddviti og Bjarni Sigmundsson
auk þess eru tveir uppkommir synir Egils.
Hlíð: Stefán Jónsson og sonur hans Jón og fóstursonur
Einar Bjarnason.
Svínhólar: Ásgeir Júliusson
Vík:
Brekka: Sighvatur og er hann Framsóknarmaður, en er hann
vissi af ferðalagi mínu vildi hann endilega bjóða
mér í mat. Sonur hans Sveinn 16-17 ára er sterkur
Sjálfstæðismaður. Er þessi hreppur mjög fámennur
og mikil hætta á því að hann leggist í eyði.

Borgarhafnarhreppur:

Jaðar: Bjarni Gíslason og synir hans Ingimar og Þorbergur.
Reynivellir: Þorsteinn hreppstjóri Guðmundsson og sonur hans
Sigurður.
Leiti: Helgi og Gísli Skúlason.
Brunavellir: Sigfús Jónsson.
Borgarhöfn: Gunnar Stefánsson og Lúðvík trésmiður.
Vagnsstaðir: Skarphéðinn
Skálafell: Ragnar Sigfússon.
Flatey: Halldóra Pálsdóttir og margt fleira á heimilinu.

Er þessi sveit mjög falleg og blómleg og töluvert af ungu
fólki. Fylgi okkar stendur á mjög föstum fótum.

Hafnarhreppur:

Einar á Hvalnesi og bróðir hans Sigurður.
Sigurður Ólason, flugafgreiðslumaður.
Þorbjörn Sigurðsson.
Hlöðver Sigurðsson, vkm.
Jón Sigurðsson, bílstj.
Sigurður Benediktsson yngri og eldri
Steingrímur Sigurðsson, kaupm.
Ásgeir Guðmundsson, trésm.
Ingólfur Guðmundsson, vkm.
Unnsteinn lögreglupjónn
Gunnar Snjólfsson
Rögnvaldur Hannesson o.fl.

Töluvert fylgi eignum við meðal verkamanna, en þá vantar forystu eins og víðar.

Framboð:

Sverrir Júlíusson er sjálfsagður í framboð næst í Austur-Skaftafellssýslu og er það trú allra að enginn komist í hans spor.

Af heimamönnum er helzt talað um Benedikt Stefánsson, Hvalnesi, en hann er alveg fráhverfur því og þrátt fyrir mikla mannkosti er hann ólíklegur til þess að auka fylgið.

Svipað gegnir með Egil Jónsson ráðunaut, en það er ungur maður og upprennandi, en ekki ennþá alskostar vinsæll.

Ungt fólk:

Töluvert fylgi eignum við meðal þeirra, en ekkert félag er starfandi á þeirra vegum. Voru 8 trúnaðarmenn S.U.S. í sýslunni en ég fjölgaði þeim upp í 20.

Auk þess setti ég á stofn nefndir í hverjum hreppi til þess að kanna möguleika á því að stofna félag ungra manna.

Etlar Sverrir að halda leiðarping með fulltrúum í haust og kvatti ég þá til þess að hafa þessa söfnun í lagi um leið.

Pessir vinna að stofnuninni:

Hafnarhreppur: Rögnvaldur Hannesson og Jón Sigurðsson.

Nesjahreppur: Egill Jónsson, Haukur Jónsson og Þorsteinn Sigurjónsson.

Bæjarhreppur: Einar Bjarnason, Hlíð.

Borgarhafnarhr.: Gísli Skúlason, Leiti.

Verkalyðsmál:

Starfandi eru verkalyðsfélög á 3 stöðum í sýslunni og kom ég á nefndum á þeim stöðum:

Nesjahreppur: Sigurbergur form. þess, Helgi Guðmundsson og Egill Jónsson.

Höfn: Jón Sigurðsson, Sigurður Benediktsson, Hjörtur Guðjónsson.

Lón: Benedikt Stefánsson og Egill Benediktsson . Fullyrtu þeir í Nesjahreppnum að þeir kæmu örugg lega manni á næsta Alþýðusambandsping, Einnig gerðu þeir sér vonir um það í Lóninu.

Sigurjón Jónsson

S k y r s l a

um erindrekstur í Borgarnesi og á Akranesi

í ágúst 1957

Akranes:

Hér ræddi ég við marga menn, og ræddum við bæði um bæjar- og verkalyðsmál. Mest ber hér á óánægju vegna útsvara, sem nýbúið er að leggja á. Menn voru sammála um, að þau væru allt of há fyrir allan almenning. Útsvörin hér eru eftir því, sem mér var sagt mikið hærri en í Reykjavík.

Mér virtist mikill áhugi hjá mönnum að vinna vel að því að breyting yrði á bæjarstjórninni eftir næstu bæjarstjórnarkosningar, þannig að Sjálfstæðismenn kæmust í meirihluta þar.

Í málefnum og stjórn verkalyðsfélagsins er mörgu mjög ábóta-vant, eftir því sem mér var sagt. Eg ákvað að koma til þeirra um helgi mjög fljótlega, því þá eiga menn hægast með að koma saman og ræða þá þessi mál nánar, og setja þá um leið á fót verkalyðs-málanefnd.

Peir menn sem ég ræddi mest við voru:

Pétur Ottesen, Gunnar Ásgeirsson, vörubílstj., Jón Bjarnason, Agnar Jónsson, fiskiverinu, Hannes Jónasson, Rörsteypunni, Sigurður Símonarson, sementsverksm., Árni Finnsson. Þá voru margir menn, sem mér var bent á að tala við í sumarfríi, en vonandi verða þeir komnir er ég kem þar aftur.

Borgarnes:

Hér er samstarf Alþýðuflokksmanna og Sjálfstæðis-manna í verkalyðsfelaginu með miklu ágætum, og er mér áreiðanlega óhætt að segja að Ingimundur Einarsson, sem hefur um margra ára skeið verið forystumaður í felaginu, á mestan þátt í því. Ingimundur sagði mér, að það hafi verið gerðar margar tilraunir við sig til þess að hætta þessu samstarfi við okkar menn. Við eignum nokkuð fylgi í felaginu og einn mann í stjórn þess. Mest af fylgi eignum við á meðal vörubílstjóra, enda stjórnokkum okkar menn peirri deild.

Peir menn, sem ég ræddi mest við voru:

Eyvindur Ámundason, bifvélav., Ragnar Ámundason, verkam., Kristinn Ólafsson, bílstj., Friðrik Þórðarson, kaupfélagsstj.

x) og einnig Guðni Eyjólfsson, bæjarútgerðinni

Mýrasýsla: Í þessari sýslu er félag, sem Egill heitir og er því stjórnað af Framsóknarmönnum og kommúnistum. Æg heimsótti Kristófer Þorgrímsson, Laugalandi og ræddi við hann um félag þetta og ætlað hann að athuga hvað hægt verði þar bezt að gera í þessum efnum.

Hvanneyri: Æg heimsótti Gunnar Bjarnason og ræddi við hann góða stund um þessi mál og fleiri. Guðmundur skólastjóri var ekki heima. Gunnar kom inn á það í rabbi okkar um nefndir, sem færðu til Rússlands og ekki væru skipaðar eingöngu kommúnistum væru oft menn, sem ekki hefðu farið utan áður og því oftast næmari fyrir að hrífast af því er þeir sau en aðrir. Gunnar hvaðst hafa orðið var við þetta hjá beztu mönnum. Hann hvaðst telja að bezta leiðin væri til að uppræta þessi áhrif, væri ef kostur væri á að gefa þeim kost á að fara strax í aðra ferð t.d. til Bandaríkjanna, því hann sagðist vera viss um, að Rússland þyldi ekki þann samanburð. Æg get þessa sérstaklega, því mér finnst þessi tillaga mjög athugunar verð. Gunnar bað mig að koma við á leið minni suður að Miðfossum og heilsa upp á Pétur bónða þar. Æg gerði svo og ræddi við hann góða stund og fann ég, að hann hafði ánægju af að ég skyldi heimsækja hann sem góðan Sjálfstæðismann.

Hvalfjörður: Í Hvalfirði er starfandi félag, sem Hördur heitir. Æg ræddi við Gísla Búason, Ferstiklu um þessi mál en hann hefir ráðið miklu í félagi þessu. Þótt ég vissi að Gísli væri ekki ákveðinn okkar maður, ræddi ég samt við hann sem síikan, því ég veit af reynzlu minni, að slíkt spillir ekki fyrir. Gísli taldi að Framsóknarmenn væru líklegast sterkastir í félaginu, en hann benti mér á menn, sem væru okkar menn og ég skyldi tala við.

Einn þeirra var Jón Böðvarsson úr stjórn félagsins, en hann vinnur hjá Hval. Jón hefir mjög einkennilega skoðun á þessum málum. Hann er t.d. á móti öllum verkföllum og telur, að stjórn A.S.I. eigi helzt að vera á sömu línu og ráðandi ríkisstjórn. Æg ræddi nokkuð lengi þessi mál við Jón, því ég fann að hann hafði annað hvort fengið rangar upplýsingar um málin eða myndað sér ranga skoðun, sem Sjálfstæðismaður um þau. Þá ræddi ég við Halldór Sigurðsson, skrifstofum., hjá Olíufélaginu um þessi mál. Halldór hefir mikinn áhuga á þessum málum og lofaði hann að gera sem hann gæti í þeim.

Morgunblaðið Vegna þess hvað mér finnst blaðið keypt á fáum bæjum og af fáum yfirleitt úti á landi miðað við Tímann, hefi ég rætt þetta mikið við menn þar, sem ég hefi komið eða farið um. Ástæðan sem oftast er færð fyrir þessu er, að blaðið sé svo mikið dýrara en önnur blöð. Æg tel að það sé mjög athugandi að lækka verð blaðsins í sama og Tímans, enda má segja

að þótt blaðið sé stærra en hann, þá er svo mikið af auglýsingum í því, sem algjörlega tapa gildi sínu, nema að þær séu svo að segja lesnar samdægurs. Þá er og mestur hluti peirra bundinn við Reykjavík eða nágrenni. Þá er og nauðsynlegt að koma því til leiðar þar sem kaupfélög annast innheimtu Tímans, að pau geri það líka fyrir Morgunblaðið.

Það er staðreynd, að eins og er kaupir fjöldi fólks, sem fylgir Sjálfstæðisflokknum, andstöðublað flokksins Tímann, bæði vegna verðs og innheimtuaðferðar.

Það voru allir á einu máli um, að þessi þróun væri stórhættuleg fyrir Sjálfstæðisflokkinn og stefnumál hans, því áróður blaðanna hefir mikið gildi og þá ekki hvað sízt úti á landi, þar sem fréttapjónusta er mjög takmörkuð. Það er því hætt við að það blað, sem fólk les, ef um eitt blað er að ræða, móti bókstaflega afstöðu þess til hinna ýmsu vandamála þjóðarinnar, sem mest eru rædd hverju sinni. Þetta var ég mjög var við í sambandi við farmannaverkfallið og áróður Tímans í sambandi við það. Það er því ekki aðeins von míni, heldur og ósk allra, sem ég hefi rætt við um þetta máli, að á því verði ráðin bót hið allra fyrsta.

Sigurjón Jónsson

S k ý r s l a

um erindrekstur í Strandasýslu

í júlí 1957

Ingólfssfjörður:

Hér ræddi ég við Guðjón Guðmundsson, hreppstj. og synihans Ingólf og Gunnar. Þá hitti ég Sigurgeir Jónsson frá Munaðarnesi en hann er í stjórn verkalyðsfél. í hreppnum og er hann Sjálfstæðismaður.

Gjögur:

Á leiðinni til Gjögurs heimsótti ég Helga Jónsson að Reykjarnesi en hann er í stjórn verkalyðsfél. og er hann Sjálfstæðismaður. Helgi er ungar og vinsæll bóni. Á Gjögri ræddi ég við Karl Thorarensen, járnsm. og konu hans Regínu. Þá heimsótti ég Sörla Hjálmarsson, en hann er formaður verkalyðsfél. og ræddi mikil við hann, en hann telur sig ekki vera fylgjandi neinum ákveðnum pólitískum flokki. Við eignum því tvö menn af þremur í stjórn félagsins.

Á síðasta þing A.S.Í. var kosinn Andrés Guðmundsson, Norðurfirði og er hann Sjálfstæðismaður.

Djúpavík:

Hér ræddi ég við Helga Kr. Jónsson, framkvæmdastj., Trausta Magnússon og Guðmund Ágústsson. Guðmundur er ekki Sjálfstæðismaður en stendur framarlega í verkalyðsfélaginu og var það ósk okkar manna, að ég talaði við hann. Guðmundur tók mér mjög vel og ræddi ég við hann og hans heimafólk langt fram á nótt. Þetta er bæði fróður og athugull maður, enda hafði ég gaman af að ræða við hann um þessi mál. Ég tel að hann hafi líka orðið fróðari um margt, sem nú er að gerast í þessum málum en hann var áður.

Drangsnes:

Hér ræddi ég við Jörund Gestsson að Hellu, en hann er hreppstj. og Sjálfstæðismaður. Hér ráða Framsóknarmenn verkalyðsfél. og okkar fylgi mjög lítið í því.

Hólmavík:

Hér ræddi ég við marga menn, en þeir voru ekki allir Sjálfstæðismenn. Þeir af okkar mönnum, sem ég ræddi mest við voru: Friðjón Sigurðsson, Hjálmar Halldórsson og Kristján Jónsson.

Ég ræddi mikið við form. verkalyðsfél. Bjarna Halldórsson, en hann er rólegur og lítið pólitískur maður, gæti jafnvel verið Sjálfstæðismaður en hann vinnur því miður hjá Kaupféluginu.. Hér eigung við nokkuð mikið fylgi.

Hólmavík - Hrútafjörður:

Á leið minni frá Hólmavík heimsótti ég nokkra bændur og ræddi við þá, að vísu ekki beint um verkalyðsmál heldur sem góða Sjálfstæðismenn. Bændur pessir voru: Guðbrandur Benediktsen, Broddanesi, Jón Lýðsson, hreppstj., Skriðnesenni, Þorkell Guðmundsson, kaupfélagsstjóra Óspakseyri og Yngvi Þ. Árnason, prest að Prestbakka. Allt eru petta harðir Sjálfstæðismenn nema Þorkell, enda sagði hann við mig, að hann skipti sér ekki af pólitík eins og væri.

Jón Kvaran, símritari á símstöðinni Hrútafirði, sem er góður Sjálfstæðismaður sagði mér, að í verkalyðsfél. hér ættu Framsóknarmenn svo til allt. Ég hitti þó að máli Pálma Sæmundsson úr stjórn verkalyðsfél. og ræddi við hann um þessi máli. Pálmi sagði mér, að stjórnin væri skipuð hægri Framsóknarmönnum og væru þeir á móti samstarfi við kommúnista.

Ég vil geta þess, að Pétur Guðmundsson, Öfeigsfirði á sæti í sýslunefnd en hann er talinn Sjálfstæðismaður. Við eigung líka mikið fylgi í þeim hreppi. Menn voru á einu máli um, að hann væri mjög linur í starfi sínu, því hann gerði svo til engar kröfur til úrbóta fyrir hreppinn, heldur virtist hann ánægður með allt eins og það væri. En hér eru menn óánægðir með mjög margt.

Sigurjón Jónsson.

S K Y R S L A

um erindrekstur í júní 1957

Sauðárkrókur:

Guðjón Sigurðsson, bakari, undirbjó komu mína hingað.

Ég ræddi aðallega við pessa menn:

Guðjón, Kára Jónsson, verzlunarmann, Árna Þorbjörnsson, kennara, Eðvarð Gunnlaugsson, verkamann og Óla Aadnegard, vkm.

Okkar menn eru ekki sterkir í verkalyðsfél. en töldu þó ófært að héðan kæmu kommúnistar á þing A.S.I. því þeir væru hér mjög fáir.

Lofuðu menn að reyna að hafa samstarf við hægri krata í málum þessum.

Hér ríkti mikil ánægja með að bærinn skyldi hafa gerst aðili að frystihúsi Sigurðar Sigfússonar, því annars var kaupfélagið svo til eini atvinnurekandinn á staðnum. Þar sem ég tel framkvæmdarstjórann fyrir frystihúsini, Pál Þórðarson, ágætismann, er það von míni að aðstaða okkar manna batni mjög við þennan nýja atvinnurekanda.

Hér hitti ég Jón Björnsson frá Bæ nú að Hellulandi í Hegranesi, en hann er mikill áhugamaður um pessi mál.

Hofsós:

Hér var Jón Ágústsson, verkamaður, búinn að undirbúa komu mína. Hér ræddi ég við Garðar Jónsson, hréppsstjóra, Pétur Sigurðsson, vélsm., Suðurbraut 17, Jón Ágústsson, Jóhann Eiríks-son, Einar Jóhannsson, Jón Tómasson, Tómas Jónsson, allir verkamenn, Geir Gunnarsson, bílstj. og Björn Jónsson, bónda á Bæ. Þetta eru allt mjög traustir menn og lofuðu þeir að vinna vel að þessum málum. Jóni Ágústssyni, Jóhanni Eiríkssyni og Tómasi Jónssyni var falið að hafa forystu fyrir S-menn í verkalyðsfél. Jóhann var áður fyrr formaður félagsins um margra ára skeið.

Kaupfélagið er aðal vinnuveitandinn á staðnum.

Ég hefi trú á að Pétur Sigurðsson væri heppilegur sem trúnaðarmaður flokksins á Hofsósi ef hann er það ekki fyrir.

Konur þeirra Jóhanns og Péturs standa framarlega í verkakvennafélagini á staðnum.

Lýtingsstaðahreppur:

Hér hitti ég að málí Goðdalabräður Trausta og Grétar Símonarsyni, Ólaf Pálsson, Starrastöðum, Pétur Pétur Pálmason, Reykjavöllum og Sigmund Magnússon, Vindheimum.

Framsóknarmenn ráða hér mestu í verkalyðsfél., en okkar menn lofuðu að gera sem þeir gætu.

Seyluhreppur:

Hér hitti ég að málí Gunnar Gunnarsson, yngri, Syðra-Vallholti, Sigtrygg Pálsson, form. verkalyðsfél., Viðimel v/Varmahlíð, Árna Jónsson, vörubílstj., s.st., og Gunnar Gíslason prest, Glaumbær. Sigtryggur og Gunnar ráða mestu í féluginu, enda eigung við hér nokkuð mikið fylgi.

Akrahreppur:

Hér hitti ég að málí Gunnar Björnsson, Sólheimum, Gísla Jónsson, Miðhúsum og Egil Gottskálksson og Gottskálk Egilsson, Miðgrund.

Framsóknarmenn ráða nú mestu í féluginu, en okkar menn telja sig geta náð hér nokkrum árangri, ef rétt er að farið, og lofuðu þeir Gunnar og Gísli að athuga þessi mál nánar.

Árni Bjarnason, Uppsölum, er nú formaður ungmannafélagsins í hreppnum.

Blönduós:

Hér hitti ég að málí Jón Ísberg, Hermann Þórarinsson, hreppstj., Kristján Þorsteinsson verzl. Valur, Águst Jónsson, bílstjóra, Ara Jónsson, leigubílstj., og Águst Andrésson verkam.

Hér eigung við nokkuð fylgi og lofaði Águst Andrésson að athuga þessi mál, enda er hann mjög kunnugur þessum málum og virtist mér hann harður náungi.

Skagaströnd:

Hér hitti ég þá: Ingvar Jónsson, verkam., Þórð Jónsson, vélstjóra.

Áhrifa okkar manna eru lítil í féluginu vegna samstarfs kommunista, Alþýðuflokksmanna og Framsóknarmanna. Þó töldu þeir, að ýmsum málum hefði nú skipast svo, að samstarf þeirra væri að rofna. Þetta hefði t.d. komið fram á deildarfundi kaupfélagsins nú fyrir skömmu, en þar fengu Sjálfstæðismenn kosna two fulltrúa af sjö. Þeir Ingvar og Þórður lofuðu að athuga þessi mál í féluginu og sjá hvað hægt væri að gera.

A leið minni út á Skagaströnd heimsótti ég Pétur Ingjaldsson, prest, Höskuldsstöðum, og sagði honum á hvaða ferðalagi ég væri og var hann mjög ánægður yfir því.

Skagahr., A-Hún.:

Hér hitti ég þá Svein Sveinsson, Tjörn, en hann er formaður verkalyðsfélagsins í hreppnum, og Jón Benediktsson, Höfnum. Þetta eru ungar og mjög efnilegir bændur og á flokkur hér því trausta og góða menn þar sem þessir tveir menn eru. Sjálfstæðismenn og Framsóknarmenn eru báðir mjög sterkir í féluginu. Eg tel þó, að Sveinn og Jón geti ráðið hér miklu um, og lofuðu þeir að gera sitt besta í málum þessum.

Hvammstangi:

Hér hitti ég að málí Sigurð Pálason, Sigurð Tryggvason, Ögmund Sigurgeirsson og Pálma Sigurðsson.

Hér höfum við lítið fylgi í verkalyðsféluginu. Hér ráða Framsóknarmenn og Alþýðuflokksmenn. Hér er kaupfélagið svo til eini atvinnuveitandinn og eru menn óánægðir með það.

Everárh., V.-Hún.:

Hér heimsótti ég Jóhannes Levy, Hrísakoti, og er hann oddviti hreppsins. Framsóknarmenn ráða féluginu hér, en Jóhannes hvað okkar menn hafa látið félagið afskiptalaust, en nú ætlar hann að athuga þetta mál og sjá, hvað hægt muni að gera. Hér var mér sagt, að Guttormur Sigurbjörnsson, erindreki Framsóknar, hafi verið á ferð, og hafi hann gefið þá línu að vinna bæri að því að losa sig við alla Sjálfstæðismenn úr öllum trúnaðarstöðum í hreppnum. Eftir því sem ég komst næst eru Framsóknarmenn hér undrandi á þessari nýju línu, enda hefir ekki verið í málum þessum kosið eftir slíkum pólitízkum línum áður.

Ímislegt:

Þar sem ég kom ræddi ég viðast hvor við forystumenn Alþýðuflokksins í verkalyðsfélögunum og var það yfirleitt skoðun þeirra að slíta bæri öllu samstarfi við kommúnista og taka upp samstarf lýðræðissinna. Sjálfstæðisverkamenn bera sig mjög illa, þar sem kaupfélagið er eini vinnuveitandinn á staðnum, og telja sig helst verða að fara sem mest huldu höfði. Í sveitum virtist mér bæði bændur og aðrir Sjálfstæðismenn mjög harðir og ákveðnir í baráttunni. Allsstaðar sögðu menn, að stjórnar-sinnar kysu nú helst þögnina, og gerðu menn sér vel ljóst vegna hvers.

Blöð flokksins sjást varla í sveitum, heldur er það Tíminn. Á þessu verður að ráða bót.

Sigurður Helgason:

Skýrsla um ferð til Austurlands

í júní 1957.

Ég var kominn til Egilsstaða þann 7. júní 1957. Hafði ég þann hátt á, meðan ég ferðaðist um héraðið, að halda til á Egilsstöðum og fá bíl til þess að keyra mig um.

Helsti tilgangur ferðarinnar:

- 1) Almennur erindrekstur.
- 2) Endurskipulagning á trúnaðarmannaráði bæði fyrir eldri og yngri menn innan flokksins.
- 3) Undirbúa stofnun félaga fyrir báðar sýslur og sam-eiginlega að stofna Austfirðingasamband.
- 4) Almennt að kynna mér viðhorf manna til stjórnarinnar og hvort einhverjar breytingar séu í þeim eftum.
- 5) Athuga viðhorf manna til vœtanlegs framboðs okkar í sýslunum og á Seyðisfirði.
- 6) Auk þess fór ég sem erindreki á vegum verkalyðssamtaka flokksins og S.U.S.

Mun ég sérstaklega ræða um hvora sýsluna fyrir sig og Seyðisfjörð.

Norður-Múlasýsla.

Tölzuverð ólga er í mönnum í sýslunni. Bændur eru almennt mjög óánægðir með afurðasölna. Fá þeir rúmar kr. 15,30 fyrir kílóið af lambakjötinu, en yfirleitt annars staðar á landinu er það herra. Auk þess fann ég, að margir voru uggandi um hag sinn og reyndi ég að ala á því og töldu sig betur hólpna með Framsókn og Sjálfstæðismenn í stjórn.

Væri hægt að reisa frystihús á Egilsstöðum, til þess að taka á móti afurðum bænda, þá er enginn vafi á því, að fylgi okkar ykist stórlægla.

Einnig hefir Grímsárvirkjunin mælst illa fyrir á þessum stöðum. Flestum er ljóst, hve ómerkileg þessi virkjun er, þótt hún kosti of fjár, en Eysteinn ráðherra hefir aðalskömmina af þessu verki.

Hægrisinnaðir og gætnir Framsóknarbændur eru óánægðir með kommúnista í ríkisstjórn, en því miður er í sumum hreppum alltof fáir þannig hugsandi og bólar mikið á Framsóknar-kommúnis.

Aberandi er það í allri sýslunni hið gífurlega vald kaupfélaganna. Verða margir okkar menn varir við þetta og eru oft sniðgengnir með margt. Oft er því þannig varið, að þeir þurfa að leita um fyrirgreiðslu hjá Páli og Halldóri, þingm., og bregðast þeir þá fljótt við og leysa úr vandanum. Þetta aftur á móti veikir mjög okkar flokksmenn. Litla eða enga fyrirgreiðslu höfum við getað veitt þessum mönnum.

Í þessari sýslu er þó tölувvert af ungum og mjög ákveðnum Sjálfstæðismönnum, sem halda okkar merki uppi. Er slíkt vitanlega mikið sigurmerki.

Mér var mjög vel tekið allsstaðar, sem ég kom, og sýnd mikil gestrisni. Fann ég, að ég styrkti mjög Sjálfstæðismenn með komu minni og hressti mjög hálfvolga Sjálfstæðismenn og óánægða Framsóknarmenn.

Miklir örðugleikar eru hjá okkur um framboð í sýslunni.

Bændur í Héraði eru hrifnir af Helga Gíslasyni, en andar kalt hjá mörgum þeirra til Árna Eylands. Aftur á móti í Borgarfirði og á Vopnafirði og í Skeggjastaðahreppi þykir Helgi frekar dulur og hefur lítið gert sér far um að kynnast fólkui. Á þessum slóðum er aftur Árni pekktari, en vondaufir eru menn samt um sigur hans. Einnig voru nefndir á nafn Sveinn á Egilsstöðum og Jónas á Klaustri, sem væntanlegir framþjóðendur, en misjafnt hljóð var um þá einnig. - Ungir og efnilegir menn eins og t.d. Guttormur Þormar, Geitagerði, og Ingvar Ingvarsson, Desjarmýri, eru lítið sem ekkert pekktir fyrir utan sinn hrepp og nágrennið og gera sér lítið far um að auka kynni sín.

Við einir, eða okkar flokkur, eigm ekki í þessu striði. Tómas Árnason, lögfr., þriðji maður á lista Framsóknar er lítið vinsæll og fylgi Framsóknar er í töluberðri hættu, ef hann verður eftirmaður Páls Zóphoníassonar.

Eftir þessa rækilegu fór um þessa sýslu er ég sannfærður um, að ef flokkurinn geri meira fyrir sitt fólk á þessum slóðum og verði heppinn með framboð, þá sé auðvelt með núverandi kosningafyrirkomulagi að fá annan manninn kjörinn. Stórvópur af andstæðingum okkar parna í sýslunni viðurkennir, að sýslunni sé hentugra að fá mann kjörinn, sinn úr hvorum flokki.

Heimsótti ég fyrst trúnaðarmenn okkar og ef þeir vissu um einhverja óákveðna menn eða óánægða Framsóknarmenn, þá heimsótti ég þá. Allsstaðar þar sem ég fór, er ég sannfærður um að það hafi frekar verið til góðs og mætti ég hvergi kala né dónaleg orðaskipti.

Mun ég nánar skýra frá hverjum hreppi og nefna helztu

bæi, sem ég kom á. Á flestum bæjum þáði maður einhverjar góðgerðir, svo að gera má minnst ráð fyrir 1 klukkutíma á hverjum bæ.

Fljótsdalurinn:

Er hann með fjölmennari hreppum Héraðsins, ca. 160 atkv. Hefur Páll Zóph. alveg sérstaklega lagt sig eftir að ná Sjálfstæðismönnum frá okkur. Hefir hann helzt gisti á Sjálfstæðisheimilum og gert mörgum greiðann á þessum slóðum. Telja kunnugir menn, að við munum eiga ca. 40 atkv. Ekki eru miklar hreyfingar eða óánæggjuraddir hjá Framsókn, þó hefir Hallgrímur Hekgason, Droplaugarstöðum, alveg snúið við þeim bakinu. Heimsótti ég hann og var hann alveg fráhverfur Framsókn. Þau hjónin eiga 3 myndarsyni og vildu þeir ákveðnir gerast trúnaðarmenn flokksins. Sonur hans einn, Ólafur Ágúst Hallgrímsson, er kennari og virtist sérstaklega áhugasamur.

Pessir voru helztu staðir, er ég kom á:

Geitagerði: Hitti ég þár þá bræður Stefán og Vigfús og hinn efnilega hreppstjóra, Guttorm Þormar o.fl. fólk á heimilinu.

Bakkagerði: Svein Stefánsson, ungan og efnilegan mann, sem verður trúnaðarmaður okkar.

Klaustur: Hitti ég þár Jónas Pétursson og fleiri, meðal annars two vinnumenn þar. Jónas er greindur maður og er tölувert vinsæll. Var hann kjörinn fulltrúi fyrir N.-Múlasýslu á stéttarþing bænda og er það mikil upphefð fyrir hann.

Einnig hitti ég séra Marínó Kristinsson og hans konu og eru þau einlæg flokknum. Hitti ég einnig ungan og harðan bónða í pólitík, Martein á Valþjófsstöðum.

Brekka: Áttu þar að vera vafasamir Sjálfstæðismenn, en Sveinn Jónsson, aðalbóndinn, er ákveðinn Sjálfstæðismaður og senilega Sigmar Pétursson líka.

Arnheiðarstaðir: Allt ákveðið okkar fólk, en daufgert.

Fellnahreppur:

Hreppurinn er frekar fámennur, en mun vera hagstæðastur allra hreppa sýslunnar. Er talið, að Sjálfstæðismenn séu álika fjölmennir og Framsókn. Atkvæði greiða ca. 110 manns og þar af um 50 Sjálfstæðismenn. Lítill hreyfing er þó á þeim Framsóknarmönnum, sem eftir eru.

Kom ég á eftirtalda bæi:

Helgafell: Hitti þar Helga Gíslason, frambjóðanda. Er það mjög viðfellidinn maður og tók vel á móti mér.

Ekkjufell: Hitti Brynjólf og son hans Sigurbjörn.

Urriðavatn: Ólaf Jónsson og fleira á heimili.

Skipalæk: Gísli Brynjólfsson. Mjög ákveðinn ungur maður.

Birnufell: Voru menn ekki vissir um bændurna þar og fór þangað eftir ábendingu Helga Gíslasonar. Eru búendurnir

Friðrik Helgason, Ragnar Ólafsson og Ólafur Friðriksson, sem vinnur nú í Efnalaug Reykjavíkur. Eru þeir sennilega Sjálfstæðismenn.

Jökuldalurinn:

I tíð Árna frá Múla var þessi hreppur hreinræktaður Sjálfstæðisflokkshreppur. Ennþá er þetta þó með betri hreppum okkur í vil. Atkvæði greiða ca. 140 manns og þar af eignum við ca. 50. Einhverjar hreyfingar eru til okkar og fannst mér það helzt vart hér og í Hlíðarhreppnum, að við gætum aukið fylgi okkar töluvert.

Er mikil ólga í bændum, þótt áberandi sinnaskipti hefðu ekki átt sér stað.

A þessa bæi kom ég m.a.:

Skjöldólfssstaðir: Hitti Skjöld Eiríksson, skólastjóra, ákveðinn Sjálfstæðismann og frambjóðanda. Þorsteinn V. Snædal er bóndinn á hinum bænum. Er hann einnig ákveðinn okkar maður.

Gilsá: Hitti ég þar Sigurð Magnússon, ungan bónda. Voru menn í vafa um hann. Er ég þó sannfærður um, að hann er Sjálfstæðismaður og er mikill andstæðingur kommúnista.

Arnórssstaðir: Býr þar Loftur bóndi, sem hefir alltaf verið Framsóknarmaður, en er mjög óánægður. Var hann mjög óánægður með Framsókn og taldi réttast hjá sér að segja alveg skilið við þá. Frétti hann um fund, sem við ætluðum að halda á Egilsstöðum og vildi ólmur fá að mæta, sem ég leyfði.

Næst hitti ég mjög ungan og efnilegan mann, Ragnar Sigvaldason, Hákonarstöðum. Hafði ég til hans góðar fregnir, því að honum var útvegað kr. 50.000,00 láń. Gerðist hann trúnaðarmaður okkar og frétti ég síðar, að hann hafi agiterað fyrir okkur. Á Hákonarstöðum er þríbýli og má vænta, að breyting hafi orðið okkur í vil.

Einnig hitti ég ungan, ákveðinn bónda, Aðalstein Aðalsteinsson, Vaðbrekku, sem er ákveðinn okkar maður.

Hvanná: Þar hitti ég Einar hreppstjóra og höfðingjann aldraða Jón Jónsson, fyrrv. þingmann.

Hlíðarhreppur:

Fylgi okkar í hreppnum er frekar lítið og hreinir Sjálfstæðismenn eru aðeins tveir bæir, Bakkagerði og Surtsstaðir. Engu að síður er hvergi eins mikil ólga í Framsóknarmönnum og einmitt í þessum hreppi.

Við eigung áhugasaman ungan mann, Hrein Kristinsson, Bakka gerði, sem vinnur örullega fyrir okkur og einnig Sigurbjörn Björnsson, Surtsstöðum.

Atkvæði greiða ca. 100 manns og munum við eiga ca. 20.

Kom á Sleðbrjót til Geirs Stefánssonar og var hann ómyrkur í máli og taldi þessa stjórn duglausa og vildi hana feiga. Einnig er hann mjög ákveðinn í varnarmálunum. Á Sleðbrjótsseli hitti ég Björn Guðmundsson og son hans, Aðalstein. Voru þeir feðgar mjög óánægðir með margt í fari Framsóknar. Aftur á móti voru þeir hrifnari af mörgum framámönnum Sjálfstæðisflokkins. Etla ég að reyna að gera Aðalstein að trúnaðarmanni okkar.

Tunguhreppur:

Hér eru Framsóknarmennirnir yfir sig ánægðir, því að flestir þeirra eru Framsóknar-kommúnistar. Eru ca. 110 atkv. og þar af eignum við ca. 80. Hér eignum við 3 unga og mjög harðskeytta menn þa Eirík Eiríksson, Dagverðargerði, Svein Björnsson, Heykollsstöðum, og Práinn Jónsson, Gunnhildargerðim. Kom ég heim til þessara manna. Einnig kom ég í Straumey.

Hjaltastaðapิงhá.

Þessi hreppur er tvímælalaust langversti hreppurinn fyrir okkur. Hér greiða atkvæði ca. 120 manns, en við eignum ca. 10 atkvæði.

Tveir bæir eru taldir til okkar og heimsótti ég þá - Björn Ágústsson, Ásgrímsstöðum, og Alfreð Aðalbjarnarson, Unaósi. Virðist Björn mjög ákveðinn og keyrði fyrir okkur á kjördag. Var ein og ein manneskja á nokkrum bæjum, sem hann taldi að við ættum.

Um Hjaltastaðapínghánnna ferðaðist ég töluvert og hafði tal af mörgum bændum. Ræddi ég almennt við bændur um stjórnmála-viðhorfið. Hitti ég m.a. aðalframsóknarmanninn, Þorstein á Sandfelli og drakk kaffi þar.

Borgarfjörður:

Þessi hreppur er frekar fjölmennur, ca. 160 atkv., og er talið, að við eignum ca. 50 atkv.

Að undanförnu hefir þó stöðugt verið að ganga á fylgi okkar. Eru Sjálfstæðismenn hafðir útundan um margt, og til þess að rétta hlut sinn, þurfa þeir að leita til Páls og Halldórs, svo að þeir eru háðir þeim í mörgu og veikt pannig baráttu vilja þeirra. Einnig fara þeir töluvert huldu höfði.

Fór ég nokkuð víða um og fann ég, að það hafði örfandi áhrif á okkar menn. Lítið bar á því, að bilbug sé að finna á andstæðingum okkar.

Kom ég á Sólbarða og hitti Sigurð Jónsson og son hans, Jón, sem verður trúnaðarmaður okkar. Hefir Sigurður verið sniðgenginn mjög í allri úthlutun, t.d. jeppabifreiða. Hafði ég tal af Hannesi Pálssyni hér fyrir sunnan út af þessu og

tjáði hann mér, að Sigurður þyrfti bara að snúa sér til Páls, þá fengi hann jeppa.

Á Hofströnd hitti ég Kristin Þorsteinsson og niður í porpinu hitti ég sérstaklega traustan mann, Þórð Jónsson; vinnur hann hjá kaupfélaginu. Faðir hans er Jón Jóhannesson, gagnmerkur Sjálfstæðismaður. Aðalsjálfstæðisheimilið er þó prestsetrið á Desjarmýri og eru þau presthjónin og börn þeirra alveg sérstaklega vel liðin og séra Ingvar oddviti í mörg ár. Hitti ég í porpinu m.a. petta fólk: Bjarna Steinsson, Hjalta Pétursson, Björn Andrésson, Skúla Andrésson, Kristínu Eyjólfssdóttur, Eið Jötunsson. Einnig kom ég í Njarðvík o.fl. staði.

Vopnafjörður:

Er hann langstærsti hreppurinn í sýslunni og um 450 atkvæðisbærir menn. Hefir fylgi okkar frekar farið þverrandi. Gerir það hið mikla veldi Halldórs yfir fólkini, og þó sérstaklega til sveita. Virðast bændur mjög ánægðir með petta, því að ef þeir þurfa að fá lán eða útreðtingu, þá snúa þeir sér til Halldórs með töluverðum árangri. Sennilega hafa fleiri menn kosið hann vegna þess, að hann var annar maðurinn á listanum og í töluverðri hættu með að falla. Má því búast við því, að verði Halldór efstur næst á lista Framsóknar, þá haldist honum ekki eins í liðið. Aftur á móti í porpinu er Halldór mjög illa liðinn hjá verkamönnum. Engin atvinna er fyrir þá nema 4 mánuði á ári og frystihúsið, sem er þar staðsett, er ekki starfrækt vegna þess að það er taprekstur á því. Óll útgerð hefir lagst niður og fæst ekki fiskur úr sjó í soðið. Verður fólkis að kaupa fisk frá Pórshöfn. Fólkis fær lánað hjá kaupfélaginu yfir vetrarmánuðina og greiðir það svo með sumartekjunum. Sjaldan hefi ég séð slíka eymd og fátækt og þykir mér það furðulegt, að það skuli ekki rísa upp gegn þessu. Verzlun Gunnars Jónssonar er mjög illa séð af kaupfélaginu. Hefir hann verið að reisa nýja verzlun. Reisti þá kaupfélagið strax aðra verzlun ennpá stærri en Gunnars og staðsetti hana rétt hjá honum. Hefir Halldór mikið orð haft á því að þeir ættu ekki að verzla við Gunnar. Húsbygging Gunnars er stöðvuð vegna fjárskorts og vantar honum smáibúðarlán. Tel ég það mjög mikilvægt, að honum verði veitt það. Er Gunnar ákveðinn Sjálfstæðismaður og duglegur áróðursmaður og hefur gott yfirlit yfir pólitízkar skoðanir manna.

Allt skipulagt starf flokksins er þó í molum. Ræddi ég við þá um að mynda með sér félag og með haustinu er enginn vandi að gera það. Greinilegt er það á öllu, að Halldór er mjög lundstirður og heilsar ekki fólkis á annarri skoðun, þegar nálgast kosningar.

I verkalyðsfélaginu eiga Sjálfstæðismenn töluverð ítök, ca. 25 atkv., en það undarlega er, að Framsókn og kratár eru sterkastir. Kommar eiga svipað fylgi og við. I hreppsnefndar-

kosningum eigum við í kringum 100 atkv. Gætu Sjálfstæðismenn á einhvern hátt stuðlað að aukinni atvinnu, t.d. koma á fiskhjöllum og saltfiskframleiðslu í sambandi við væntanlega útgerð, þá er hægt að gera stóra hluti í þorpinu.

Pessa menn hitti ég í þorpinu: Árna læknir Vilhjálmsson; ágætismaður. Guðna Þórarinsson, trúsmið. Sigurjón Jónsson Hólmum. Er það ágætismaður og forystumaður meðal verkalyðsins og verðandi aðalmaður okkar í hreppsnefnd. Einar Maack og dóttur hans. Ákveðið okkar fólk. Ólaf Hálfðánarson og konu og börn. Er sonur háns, Gunnar nýr trúnaðarmaður hjá okkur innan S.U.S. Anton, bílstjóra, sem verið hefir kommi, en hefir snúizt með okkur af hatri til Halldórs. Svein Sveinsson, sem sennilega er hægt að ná. Er það dugnaðarmaður og hefir komið sér upp söltunarstöð. Sigurjón Stefánsson, Skálum.

Auk pessa hitti ég fleiri menn í þorpinu, sem voru kynntir fyrir mér, en ég man ekki nöfnin á. Fór ég líka á helztu vinnustaðina og spjallaði við verkamennina og heyrði hljóðið í þeim. Einnig ferðaðist ég töluvert um sveitina. Kom m.a. á pessa bæi:

Ljótsstaði: Hitti þar Jón Eiríksson o.fl. fólk.

Strandhöfða: Hitti þar Jósep Guðjónsson, Hjálmar Guðjónsson o.fl.

Vakurstaði: og hitti Sigurð Pétursson og Ólaf Pétursson.

Hámundarstaði: og hitti Guðna Stefánsson og Sigurbjörðu Guðnadóttur.

Er petta allt traust Sjálfstæðisfólk, þótt það séu engar áhrifamannaskjur.

Einnig kom ég til Runólfss Guðmundssonar póstbera og gisti hjá honum. Er hann stífur Framsóknarmaður, en pekkti vel föður minn. Talaði ég rækilega við hann um pólitíkina og ástandið í dag og gaf hann því töluverðan gaum.

Skeggjastaðahreppur:

Pessi hreppur er frekar fámennur, ca. 110 atkv., og eigum við ca. 40 þar af.

Er faðir minn ættaður úr þessum hreppi og hver bóndi þekkir hann mjög vel og hafa flestir komið heim í míni föðurhús. Hér var mér því sérstaklega vel tekið af öllum og heimsótti ég flesta bæi í hreppnum og kom í mörg hús í Bakkafjarðarþorpinu.

Ástandið í atvinnumálunum er ekki eins slæmt og á Vopnafirði. Í kringum 10 smábátar eru gerðir út. Er enginn vafi á því, að fylgi okkar hefir töluvert aukizt og er það mest að þakka séra Sigmari Torfasyni, sem er mesti ágætismaður og oddviti í hreppnum. Of langt mál er að telja upp alla þá menn, sem ég hitti, en mun telja upp nokkra Sjálfstæðismenn: Árna Lárusson, Steintúni, Hjálmar Friðriksson, Bjargi, Einar Friðriksson, Bakka, Magnús Valdimarsson, Bakka, (er sennilega okkar maður nú), Ingvar Steinþórsson, Miðfirði, Jón Sigurðsson,

Miðfirði, Jónas Pálsson, Miðfirði, (tvíbýli), Kristján Halldórsson, Saurbæ, og bróður og systur, Jóhann Frímannsson, Gunnólfsvík, Árna Árnason, Gunnarsstöðum, - og í porpinu: Njál Halldórsson, Jónas Gunnlaugsson, Jón Valdimarsson, Ólaf Guðmundsson, Eypór og Friðmar Arnasyni, Bergholti.

Auk þessa er tölувvert af fólk, sem er á báðum áttum og hafði ég töluperð áhrif á það og mun reyna að fylgjast með því. Samkvæmt mínum tölum eigm við að eiga ca. 385 atkv., en er það töluvvert meira en í raun.

Seyðisfjörður:

Hér á Seyðisfirði gerði ég mér sérstakt far um að fá skýringu á úrslitum kosninganna síðustu. Greinilegt er á tali manna, að Björgvin er mjög vel liðinn og heggur inn í raðir okkar. Er hann óvenjulega hjálpfús og hefir gott lag á því að komast inn á fólk. Margt af því, sem hann lofaði, hefir hann ekki getað efnt, en engu að síður hafa vinsældir hans ekki minnkað. Honum hefir tekizt að fá ógrynni fjár inn í kaupstaðinn. Eru það röskar 20 milljónir, síðan hann tók við þingmennsku. Er fólkisvitanlega mjög hrifið af þessu. Tilraunir okkar manna á Seyðisfirði til þess að sverta Björgvin hafa gjörsamlega mistekizt. Engu að síður er það trú margrgra, að Björgvin eigi eftir að falla eins sviplega og hann komst til valda.

Sterfsemi okkar manna er algjörlega í rúst eftir kosningarnar síðustu og så leiðinlegi andi er ríkjandi, að menn væna hvorn annan um svik í síðustu kosningum. Lítill sem engin starfsemi hefir verið hjá okkar mönnum. Reyndi ég að kalla nokkra saman, en það gekk mjög illa.

Bæjarstjórnin öll er í hinum mesta ólestri og er bæjarstjórin, Jóhannes, mjög illa liðinn. Byggja okkar menn sínar aðalvonir við það, að óvinsældir bæjarstjórans verði þeim að liði. Hefir bæjarstjórin strengt þess heit, að sögn, að hætta ekki fyrr en tekizt hafi að flæma alla Sjálfstæðismenn í burtu. Hefir hann einnig verið með hótanir við verkamenn og talið þá vinna illa. Ég tel höfuðorsök fyrir fylgileysi okkar hér máttleysi okkar innan verkalyðsfélagsins. Gekk mjög erfiðlega fyrir mig að ná tali af nokkrum verkamanni, sem taldist til okkar.

Of mikið bil er milli aðalmanna okkar á Seyðisfirði og svo verkamanna hins vegar. Aðalmenn okkar keyra um í nýjum bílum, en gera sér ekki nóg mikið far um að tala við og ná hylli verkamannana. Pessi óánægjualda verkamanna út í bæjarstjórninn er ég hræddur um, að verði ekki okkur til stuðnings. Er það spá mín, að óbreyttum ástæðum, þá munum við tapa fylgi við næstu bæjarstjórnarkosningar.

Flótti er brostinn í lið okkar og ætlar Úlfar Karlsson kaupm. með 11 manna fjölskyldu að flytja suður. Það sama er að segja um Óskar Árnason, rafveitustjóra. Hann fær ekki endurráðningu hjá ríkinu, en hann var aður starfsmaður bæjarins.

Einnig heyrast raddir um það, að Thdodór Blöndal sé að hætta sem útibússtjóri, en vonandi er það söguburður einn. Síðan Theodór Blöndal veiktist eru Seyðfirðingar algjörlega forystulausir og háir það okkar mönum mikið. Væri nokkur tök á, þyrti að senda þeim unganmann. Laus staða er hjá sýslumanni fyrir fulltrúa, ef einhver skyldi fást til þess að fara þangað. Hér verður að bregða skjótt við, því að fjöldi fólks, sem kosið hefir á móti okkur, er Sjálfstæðisfólk í hugsun, en hættulegt er að láta það festa sig hjá hinum.

Einnig hefir mér dottið í hug, hvort einhver af verkaþýðsleiðtogum okkar vildi setjast þar að. Væri hægt að útvega honum vinnu hjá Pétri Blöndal eða Stefáni Jóhannssyni og gæti hann gert mikið gagn.

Mjög vinsáll maður er Stefán Jóhannesson, en hann hefir ekki fengizt til að fara í bæjarstjórn. Að undanförnu hefir hann orðið fyrir miklu aðkasti af bæjarstjóranum og sakadí hann um skemmdarstarf og hann efndi til samblásturs gegn sér. Hefir Stefán eflst mjög við þetta og er fús að veita okkur allan þann styrk, sem við förum fram á. Er hann sjálfsagður maður á næsta bæjarstjórnarlista.

Pótt ég hafi hér verið frekar kritiskur út í aðalmenn okkar Sjálfstæðismanna, þá má ekki skilja það þannig, að ég hafi neitt á móti þeim persónulega, því að sérhver þeirra eru prýðismenn og sérstaklega almennilegir og gestrisnir og vilja floknum vel.

Ekki var nokkur maður, sem éghitti, er hafði áhuga á því að fara í frambóð við næstu Alþingiskosningar og voru allir sammála um það, að hann væri ekki að finna þar á staðnum. Fékk ég lista yfir marga af Sjálfstæðismönnum staðarins og leitaði þá uppi og hafði tal af þeim. Voru það kringum 40 manns, sem ég talaði þannig við, auk þess sem mættu saman 10 manns og ræddumst við. Með haustinu eru okkar menn ákveðnir í að hefja mikla lotu og herferð gegn andstæðingunum og efla félagslífið hjá okkur: Nöfn nokkurra af okkar mönum:

Erlendur Björnsson, sýslumaður.
Björn Jónsson, lögreglupjónn,
Óskar Árnason, rafveitustjóri,
Guðlaugur Jónsson, kaupm.,
Sveinn Guðmundsson, fiskimatsmaður,
Pétur Blöndal, starfrækir verkstæði,
Stefán Jóhannesson, starfrækir verkstæði,
Apótekarinn,
Úlfar Karlsson, kaupmaður,
Sverrir Sigurðsson, bankastm.,
Guðmundur Gíslason,
Astvaldur Kristófersson,
Halldór Lárusson, verkstj., form. Viljans. Ætlar hann að endurvekja félagið í haust.
Kristmann Hjörleifsson, vinnur hjá Erlendi,
Sigurður Guðmundsson, iðnnemi,

Gestur Jóhannsson,
Benedikt Jónasson, úmboðsmaður Morgunblaðsins,
Þorbjörn Arnpórsson, bílstjóri,
Pórður verksmiðjustjórin. Er hann okkar maður pólitízkt, en
áhangandi Björgvins.

Egill Jónsson, læknir,
Þorsteinn Gíslason, símstöðvarstjóri, o.fl.

Auk þess heyrði ég raddir andstæðinga okkar og ræddi við
nokkra verkamenn og auk þess nokkra, sem voru kynntir fyrir
mér, en nöfnin hirði ég ekki að geta. Fann ég, að för míni
efldi frekar okkar menn og hvatti þá til frekari verka.

Suður-Múlasýsla:

Lítið fylgi eignum við til sveita, en aðalfylgi okkar er
í kaupstöðunum óg þorpunum. Í sumum stórum hreppum er stundum
aðeins einn bær, sem fylgir okkur að mál, að því er vitað er.
Að því ég bezt frétti, þá voru litlar breytingar í sýslunni.
Telja þeir sig vel setta með two ráðherra, og mikið fréttist
um fyrirgreiðslu þeirra og þá sérstaklega Lúðvíks. Hefir hann
að undanförnu útvegað mörgum bílleyfi og stuðlað að bátakaupum.
Er það trú manna, að Eysteinn hafi fengið Lúðvík dýru verði,
því að hann hafi tryggt sig í sýslunni.

Engu að síður er ég frekar bjartsýnn á fylgi okkar og ber
það helzt til, að Einar Sigurðsson er alveg sérstaklega vel
látinn. Heyrði ég engann hallmæla honum og flest allir voru
mjög hrifnir af honum og vildu fá hann aftur í framboð næst.
Vinsældir Einars heggur líka inn í raðir andstæðinga okkar
og leggi hann sig fram við að ferðast um sýsluna og kynnast
fólkini, þá opnast möguleikar á fylgisaukningu og það tölverðri.

Ekki varð ég var við neinn bilbug á þeim mönnum, er ég
talaði við og töluðu þeir um óánægju hjá andstæðingum okkar, en
ekki risti hún djúpt að þeirra áliti.

Sérstaklega er áberandi fylgi okkar í Egilsstaðahreppi.
Eru Sjálfstæðismenn þar öflugastir og er Sveinn Jónsson oddviti.
Í síðustu hreppsnefndarkosningum fengu Sjálfstæðismenn jafn
mörg atkvæði og Framsókn og kommar sameinaðir, en Pétur bróðir
Sveins var sér með lista og hlaut kosningu.

Í verkalyðsfélaginu eignum við formann og gjaldkera,
Sigurð Einarsson og Berg Ólason. Einnig vinnur vel fyrir okkur
Ari Björnsson, kaupm., Bragi Steingrímsson og kona hans, en
hún ætlar að ferðast um sýsluna og stofna félag með Sjálfstæðis-
konum. Heitir hún Sigurbjörg Lárusdóttir. Einnig er ágætis-
fólk Pórður Benediktsson, skólastjíri, og Steinþór vélsm. - o.fl.

Kom ég á einhverja bæi í hverjum hreppi, sem tilheyra

Suður-Múlasýslu á Héraði, og fór upp í Grímsárvirkjun og hitti nokkra menn þar. Kom m.a. að: Sandfelli (Hermann Jónsson), Vallanesi (Pétur Magnússon), Höfða, Snjóholti (Þórólfur Sölvason), Eiðum.

Næst fór ég í þorpin og kaupstaðina.

Neskaupstaður:

Hér hafa Sjálfstæðismenn töluverða starfsemi. Gefa þeir út blað, sem ég hef lesið yfir, síðan það kom út. Er blaðið ekki nógum hnittið og frekar daufgert. Engu að síður er það til töluverðs gagns. Einnig hafa verið haldin spilakvöld, sem töluvert hafa verið sótt. Engu að síður verður fólk lítið vart við bilbug á andstæðingum okkar og litlar hugarfarsbreytingar.

Kommarnir hafa 3 starfsmenn við útgerðina og vinna þeir jafnframt fyrir flokkinn og tala við verkamennina og fólkvið. Bærjarstjórin er einnig formaður verkalyðsfélagsins, en bærinn er aðalvinnuveitandinn. Verkamenn eiga íðulega 3-4 vikulaun inni hjá þennum, en ekkert er gert í því. Fleira sukk mætti telja bæði hjá þeim og kaupfélagini. Framsóknarmenn hafa vikublað, sem gefið er út fyrir Austurland, "Austfirðing", og er það mikið betur skrifað að mínum dómi.

Væri hægt fyrir okkur að efla petta blað okkar og gefa það út vikulega og hafa það víðtækara, svo að það taki almennt til Austurlandsins, þá er ég sannfærður um, að það gerði mikið gagn.

Hér er að mínum dómi, þrátt fyrir mjög góðan vilja okkar manna, Sjálfstæðismenn frekar forystulitlir.

Við eignum þó margt ágætismaðra. Þessa menn ræddi ég meðal annars við: Axel Tuliníus, Andrés P. Guðmundsson, Jóhann P. Guðmundsson, Jóhann Magnússon, Magnús (vinnur hjá Axel), Ásgeir Bergsson, Guðlaug Ásgeirsson, Björn Björnsson, Pétur Waldorff, Reynir Zoega (ágætismaður), Jakob Hermannsson, Karl Karlsson, Jón Karlsson, Sigurð Lúðvíksson, Niels Ingvarsson, Jónmund sparísþjóðsstjóra, Guðmund Sigfússon o.fl.

Er Jón Karlsson ungar og efnilegur maður, sem ég fékk til þess að safna ungu piltum í kringum sig. Taldi hann að það gæti haft þau áhrif, að hann yrði gjörsamlega útskúfaður meðal kommanna.

Eskifjörður:

Astandið hjá okkar mönnum er mjög gott hér. Árni Helgason, Stykkishólmi, hafði nýlega farið inn á hvert heimili og agiterað fyrir okkur. Hafði ég því frekar stutta viðdvöl og talaði aðallega við Ingólf Hallgrímsson og Guðmund Auðbjörns-son, trúsmið. Er Guðmundur formaður ungmannafélagsins og dugandi maður að mínum dómi.

Reyðarfjörður:

Hitti ég þarna nokkra af okkar mönnum, en frekar eiga menn bágt með að beita sér vegna ofurvalds kaupfélagsins.

Hitti ég þarna m.a.: Thulin Johansen, Kristinn Magnússon, kaupmann, Sigurjón Scheving, Arnpór Þórólfsson.

Fáskrúðsfjörður:

Hér hefir öll starfsemi okkar verið í molum. Er ég sannfærður um, að hér gætum við aukið fylgi okkar töluvert. Fann ég hér two unga og efnilega menn, Margeir Þórormsson og Jóhann Antoníusson, kennara. Eru þeir aðalmenn í ungmannafélaginu og reyndi ég að fá þá til þess að fara fram með lista í næstu hreppsnefdarkosningum, en Sjálfstæðismenn eiga þar engan mann.

Auk þeirra hitti ég þar: Björgvin Þorsteinsson, kaupm., Vilhjálm Björnsson, Guðmund Vestmann, Andrés Sigurðsson, Einar Sigurðsson og Þorvald Jónsson, símstöðvarstjóra.

Auk þessa hafði ég tal af fleiri mönnum.

Stöðvarfjörður:

Hér virðist Framsókn vera mjög rótgróin. Hitti ég þarna two heiðursmenn: Jóhann Pálsson og Stefán Carlsson, en þeir gátu ekki bent mér á neina, sem ég gat haft tal af eða töldu gagnlegt.

Það er einkennandi á þessum aðalframsóknarstöðum, að lítið er rætt um pólitík og að sögn manna, er það mjög einkennandi, því að þá próast þeir best.

Að lokum hefir mér dottið í hug til bóta, - og eru sumar hugmyndirnar frá Birgi Kjaran og Magnúsi Jónssyni:

- 1) Stofnun félaga bæði á vegum S.U.S. og Sjálfstæðisflokkssins fyrir báðar sýslur. Heppilegasti tími og staður fyrir þetta er 18. ágúst á Egilsstöðum. Pessi félög og Seyðisfjörður mynda síðan fjórðungssamband.
- 2) Efla trúnaðarmannaráðið í hverjum hreppi og fylgjast með öllum pólitízkum hreyfingum. Gegnum þá og félagssamtökin að auka fyrirgreiðslu fólksins á þessum hluta landsins.
- 3) Stjórnmálaleiðtogar okkar ferðist um landið í haust og haldi fundi á sem flestum stöðum Austurlands.

- 4) Reyna að efla blað okkar austanlands ("Pór") og fá fulltrúa á Seyðisfjörð eða styðja þá á einhvern hátt.
- 5) Koma á stjórnþálanámskeiði á Egilsstöðum. Einnig verður flokksskrifstofan að hafa meira samband við trúnaðarmennina og senda þeim gögn og bæklinga.
- 6) Auka útbreiðslu Morgunblaðsins eða Ísafoldar.
- 7) Kanna möguleika á því að reisa upp atvinnutæki þarna.

Sigurður Helgason.

Sigurjón Jónsson

S k ý r s l a

um erindrekstur á Austfjörðum

í ágúst 1957

Egilssstaðir: Hér eignum við mikið fylgi, enda eignum við two menn af premur í stjórn verkalyðsfélagsins, þá Sigurð Einarsson, sem er formaður og Berg Ólafsson. Eg ræddi við báða þessa menn og lofuðu þeir að standa vel á verði í okkar málum á staðnum. Þótt ótrúlegt sé, þá kom kommúnisti á síðasta þing A.S.I. frá þessu félagi, en ég vona, að það komi ekki fyrir aftur. Eg ræddi hér við ýmsa fleiri menn en sé ekki ástæðu til að nafngreina þá, því ég sé að Sigurður Helgason hefir gjört það í skýrslu sinni um Austurland.

Reyðarfjörður: Hér eignum við nokkuð fylgi í verkalyðsfélaginu. Arnpór Pórólfsson er okkar mesti áróðursmaður á staðnum, og ræddi ég þessi mál mikið við hann. Þá ræddi ég einnig við Jónas Þóasson, Sigurð Guttormsson og bróður hans Stefán. Stefán er mikill dugnaðarmaður og mikilsmetinn á staðnum. Guðlaugur Sigfússon er formaður verkalyðsfélagsins og er hann Alþýðuflokksmáður. Eg ræddi mikið við hann, og er hann okkur vinveittur í þessum málum.

Eskifjörður: Hér eignum við marga ágætismenn, þótt þeirra hafi lítið gætt í verkalyðsfélögunum. Gunnar Weðhólm er traustur maður og lofaði hann að athuga þessi mál nánar. Þá ræddi ég einnig við Ragnar Björnsson og Hall Guðmundsson um þessi mál. Kommúnistar ráða hér öllu í báðum félögunum en slikt tel ég óparft, ef virk baráttu er hafin gegn þeim eins og ég sýndi áður-nefndum mönnum fram á. Þeir lofuðu því að taka upp baráttuna, en byrjunina taldi ég vera þá að fá okkar fólk, konur og menn til þess að ganga inn í félögin.

Neskaupstaður: Hér ræddi ég við nokkra menn, en þeir voru allir á einu máli um að tilgangslaust væri að taka upp baráttu í verkalyðsfélögunum eins og nú væri ástatt í þeim málum á staðnum. Ekki töldu menn hér almennt, að fylgi kommúnista byggðist á því, að hér væri svo mikið af virkilegum kommúnistum, heldur væri hitt, að þeir réðu yfir atvinnutækjunum, og svo væri því ekki að neita, að þeir hefðu haldið uppi miklu atvinnulífi á staðnum, og meira en væri á öðrum nærliggjandi fjörðum.

Við eigm þó hér marga ágæta baráttumenn, sem eru óhræddir að berjast við ofureflið en þeir tilheyra ekki verkalyðsfélögunum. Æg vísa því til skýrslu Sigurðar í því efni.

Það sem ég heyrði talað um:

Það er ósk og von manna hér á Austurlandi, að hingað komi maður frá floknum, sem dveldi hér svo þeir gætu snúið sér til hans með ýmsa fyrirgreiðslu, en þurfi í sem fæstum tilfellum að leita til sinna andstæðinga með ósk um hjálp.

Menn gera sér ekki miklar vonir í sambandi við Grímsárvirkjunina, því almennt er talið, að hún sé of vatnslítill. Það er líka samhliða byggingu vatnsorkuversins byggðar aflostöðvar, sem drifnar verða af dísilvélum.

Einar Sigurðsson er hér vel liðinn, en menn telja þó ef floknum er alvara að vinna hér þingsæti, þá þurfi framþjóðandinn að láta sjá sig oftar en bara rétt fyrir kosningar. Það er skoðun manna, að ef Einar beitti sér hér, og ferðaðist um sýsluna og ræddi við kjósendur, þá mundi hann geta unnið þingsæti, því fólk er hér á móti því, að Framsókn eigi báða þingmennina.

Af því, sem ég hefi hér sagt, hefir fólk ekki talið líklegt að Sjálfstæðisflokkurinn bæti það við sig af atkvæðum, að hann fengi mann kjörinn. Og því tel ég, að ýmsir sem annars mundu jafnvel hafa kosið Sjálfstæðisflokkinn hafi kosið Lúðvík, til að forða því, að Framsóknarflokkurinn fengi báða þingmennina kjörna.

Borgarfjörður - Vopnafjörður: A Egilsstöðum hitti ég að málí Ingvar Ingvarsson, Desjamýri, Borgarfirði og Gunnar Jónsson, Vopnafirði. Ég ræddi nokkuð við þá um þessi mál og bað þá að athuga þau, hver á sínum stað.

Við eigm einn mann í stjórn verkalyðsfélagsins á Vopnafirði, Jón Guðmundsson, Skálanesi.

Seyðisfjörður: Hér ræddi ég við marga og veit ég ekki nöfn nema fárra þeirra, því ég hitti þá á ýmsum vinnustöðum. Þá hitti ég og marga, sem ég þekkti eða fékk að vita hverjir voru, eftir að ég hafði talað við þá. Það að ég talaði við svo marga, var vegna þess, að ég

vildi komast að því, hvað það hafi verið, sem olli tapi flokksins við síðustu Alþingiskosningar. Æg get því sagt, að skoðun míni er byggð á rabbi við fólk úr öllum flokkum og stéttum.

Það voru allir á einu máli um, að Lárus Jóhannesson hafi vegna langrar fjarveru úr bænum, verið búinn að missa samband sitt við fólkið. Fólkið hafi verið að tapa trú sinni á að geta lifað í bænum vegna framkvæmda- og atvinnuleysis. Það var því skoðun fólksins, að í þessum efnum hefði það engu að tapa en nokkuð að vinna ef það kysi mann á þing, sem búsettur væri á Seyðisfirði, og þá ekki hvað síst mann, sem gerði sér far um að kynnast fólkini og högum þess. Petta gerði Björgvin ríkulega og var notaður sá áróður við hvern og einn, sem bezt hentaði hverju sinni. Það er petta, sem ber að hafa í huga fyrst og fremst, þegar rætt er um hvernig fór og hvað menn gjörðu á Seyðisfirði við síðustu Alþingiskosningar. Björgvin er mjög vel liðinn af fólkini, en þó fann ég, að hann er ekki eins stór karl heima fyrir og séð er frá okkur, sem þar eignum ökki heima. Það kom öllum saman um, að Alþingiskosningarnar væru engin mælikvarði á næstu bæjarstjórnarkosningar þar. Fólk er mjög ánægt með allar þær framkvæmdir, sem ríkið hefir hjálpað með að komið hefur verið upp, þótt það sjái, að sumstaðar hefir verið í of stórt ráðist sbr. frystihúsið. Þá líta bæjarbúar mjög óhýru auga til þeirra framkvæmda, sem fyrirhugaðar eru á fjörðunum í kring, og telja, að með þeim sé ríkisstjórnin að gera að litlu eða jafnvel engu þær vonir sem fólkið hefir bundið við hina nýju síldarverksmiðju á staðnum. Við eignum, þrátt fyrir allt, mikið fylgi hér, en það er því miður ekki samhuga hópur og nær ekki nógu vel inn í ráðir vercafólksins. Engan einn mann heyrði ég nefndan, sem forystumann öðrum frekar.

Par sem Sigurður Helgason var nýbúinn að vera hér og ræða við okkar forystumenn gerði ég mér ekki far um að hitta nema fáa þeirra. Sá sem ég ræddi mest við var Pétur Blöndal.

Ekki gat ég fundið út hvað við ættum af fylgi í verkályðsfélögunum, en form. karlafélagsins, Friðrik Sigmarsson, nú Alþýðuflokksmáður, taldi þó að við ættum þar nokkuð fylgi. Trúnaðarmaður okkar í þessum málum er Sigurður Guðmundsson, Túngötu 19. Það var skoðun hér, að kommunistar hafi tapað fylgi í bænum og mundu þeir jafnvel þurkast út í næstu kosningum. Æg lenti t.d. í að tala við einn harðasta kommunistann, án þess þó að vita það fyr en eftir á, og var hann ekki harðari en svö, að ég var jafnvel farinn að halda að petta væri Sjálfstæðismaður. Þegar ég sagði mönnum frá þessu rabbi mínu, urðu menn mjög undrandi, því þeir sögðu að þessi maður væri einhver skeleggasti maður kommúnista á Seyðisfirði. Maður þessi er Valgeir Sigurðsson, kennari. Þá ræddi ég mikið við

Ólaf Ólafsson, íþróttakennara og vill hann helst telja sig okkar mann enn. Eg vil geta þess, vegna þess sem á undan er gengið, að ég fann að Ólafur er mjög áhrifagjarn maður. Ólafur var einn af þeim mönnum, sem ég vissi ekki hver var fyr en eftir að ég hafði talað við hann.

Eg tel að ef okkar menn geta verið samhuga í næstu bæjarstjórnarkosningum þá muni þeir auka fylgi sitt frá því, sem það var við Alþingiskosningarnar.



SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

SKRIFSTOFUR: SJÁLFSTÆÐISHÚSINU VID AUSTURVÖLL

Frá

m

Skrifstofu Sjálfstæðisfloksins,

Niður Jóhannesson.

aug ég til Vestmanna-
í þrjá daga. Á þeim
Sjálfstæðismanna í

r ég hélt með stjórn
yjum voru pessir mættir:

þorarinn Þorsteinsson, form.,

Sigfús J. Johnsen, Theodór Georgsson, Ragnar Hafliðason og Heiðmundur Sigmundsson og er það öll aðalstjórn félagsins. Aðalfundur hefur ekki verið haldinn í tvö ár eða síðan haustið 1956. Á þessu tímabili hefur almenn starfsemi hjá féluginu verið mjög lítil, enda þótt stjórnin hafi komið saman öðru hvoru og starfað allvel, ekki sízt fyrir seinstu bæjarstjórnarkosningar.

Stjórnin taldi, að ein aðalástæðan fyrir hinu lélega starfi undanfarið væri, að hinar árlegu ferðir Heimdallar til Vestmannaeyja um hvítasunnuna hefðu lagst niður. Mikill áhugi hefði ríkt í Eyjum meðal ungs fólks fyrir ferðum þessum og undirbúningur að móttökum og samkomur, sem haldnar hefðu verið í sambandi við heimsóknir þessar hefðu verið eitt aðalstarf félagsins á ári hverju. Auk þess hefðu ferðir þessar fært FUS í Eyjum tekjur, sem árlega námu 10-12 þús. kr. og hefði það gert féluginu kleift að safna sjóðum, sem voru undirstaða undir ýmsa aðra starfsemi. Hörmuðu forystumenn ungra Sjálfstæðismanna í Eyjum mjög, að ferðir þessar hefðu lagst niður.

Um væntanlegt starf félagsins var allmikið rætt. Sérstaklega létu fundarmenn í ljós vilja sinn til þess að efna til stjórnsmálanámskeiðs í Vestmannaeyjum á hausti komanda. Var samþykkt á þessum fundi að biðja mig um að koma á framfæri við stjórn S.U.S. og framkvæmdastjórn floksins ósk um að stjórn F.U.S. í Eyjum yrði veitt öll sú aðstoð, sem mögulegt væri til að hrinda þessu í framkvæmd. Allir voru sammála um að heppilegasti tími til slíks námskeiðs yrði um miðjan október. Um nánara fyrirkomulag hneigðust menn helzt að því, að heppilegast yrði að halda mótið á ca. hálfum mánuði eða í kringum þrjár helgar. Eitt stutt námskeið frá fimmtudagskvöldi til sunnudagskvölds, eins og fyrirhugað hefur verið á Austurlandi töldu þeir ekki heppilegt í Vestmannaeyjum. Þeir óskuðu eftir því, að stjórn S.U.S. léti þeim í té mann, er gæti

Birgir fsl. Gunnarsson

S k ý r s l a

um erindrekstur í Vestmannaeyjum

í ágúst 1958

Eftir tveggja daga töf vegna óveðurs flaug ég til Vestmannaeyja, miðvikudaginn 6. ágúst og dvaldist þar í þrjá daga. Á þeim tíma ræddi ég við forystumenn yngri og eldri Sjálfstæðismanna í Eyjum og hélt fundi með stjórnnum félaganna.

Félag ungra Sjálfstæðismanna.

Á fundi, er ég hélt með stjórn F.U.S. í Eyjum voru þessir mættir: Pórarinn Þorsteinsson, form.,

Sigfús J. Johnsen, Theodór Georgsson, Ragnar Haflidason og Heiðmundur Sigmundsson og er það öll aðalstjórn félagsins. Aðalfundur hefur ekki verið haldinn í tvö ár eða síðan haustið 1956. Á þessu tímabili hefur almenn starfsemi hjá féluginu verið mjög lítil, enda þótt stjórnin hafi komið saman öðru hvoru og starfað allvel, ekki sízt fyrir seinstu bæjarstjórnarkosningar.

Stjórnin taldi, að ein aðalástæðan fyrir hinu lélega starfi undanfarið væri, að hinar árlegu ferðir Heimdallar til Vestmannaeyja um hvítasunnuna hefðu lagst niður. Mikill áhugi hefði ríkt í Eyjum meðal ungs fólks fyrir ferðum þessum og undirbúningur að móttökum og samkomur, sem haldnar hefðu verið í sambandi við heimsóknir þessar hefðu verið eitt aðalstarf félagsins á ári hverju. Auk þess hefðu ferðir þessar fært FUS í Eyjum tekjur, sem árlega námu 10-12 þús. kr. og hefði það gert féluginu kleift að safna sjóðum, sem voru undirstaða undir ýmsa aðra starfsemi. Hörmuðu forystumenn ungra Sjálfstæðismanna í Eyjum mjög, að ferðir þessar hefðu lagst niður.

Um væntanlegt starf félagsins var allmikið rætt. Sérstaklega létu fundarmenn í ljós vilja sinn til þess að efna til stjórnsmála-námskeiðs í Vestmannaeyjum á hausti komanda. Var samþykkt á þessum fundi að biðja mig um að koma á framfæri við stjórn S.U.S. og framkvæmdastjórn flokksins ósk um að stjórn F.U.S. í Eyjum yrði veitt öll sú aðstoð, sem mögulegt væri til að hrinda þessu í framkvæmd. Allir voru sammála um að heppilegasti tími til slíks námskeiðs yrði um miðjan október. Um nánara fyrirkomulag hneigðust menn helzt að því, að heppilegast yrði að halda mótið á ca. hálfum mánuði eða í kringum þrjár helgar. Eitt stutt námskeið frá fimmtdagskvöldi til sunnudagskvölds, eins og fyrirhugað hefur verið á Austurlandi töldu þeir ekki heppilegt í Vestmannaeyjum. Þeir óskuðu eftir því, að stjórn S.U.S. léti þeim í té mann, er gæti

skipulagt slíkt námskeið og helzt dvalizt í Vestmannaeyjum á námskeiðinu, leiðbeina mönnum í ræðumennsku og ef til vill flytja einhver erindi. Ennfremur óskuðu þeir sérstaklega eftir því, að flutt yrði gott erindi um sjávarútvegsmál á námskeiði þessu.

Ég lofaði að koma óskum þessum á framfæri og styðja að frangangi þeirra eftir mætti. Að vísu er það allumfangsmikið að hafa mann í Eyjum allan pann tíma, sem námskeiði kemur til með að standa, en hins vegar eru flugsamgöngur stopular á þessum tíma árs og erfitt að treysta þeim. Það er því hætt við að námskeiði yrði nokkuð í molum, ef umsjónarmaður þess ætti að vera stöðugt í ferðum á milli. Ég tel mjög nauðsynlegt að koma námskeiði þessu upp einmitt nú, því að forystumenn ungra Sjálfstæðismanna í Eyjum eru mjög uggandi um stuðning ungs fólk við flokkinn í Alþingiskosningum. Telja þeir mjög líklegt að ungt fólk muni snúast gegn Jóhanni P. Jósefssyni, ef hann fer fram aftur. Hann hafði alveg misst samband við yngri kynslóðina.

Ennfremur hafa stjórnarmenn í F.U.S. hug á að halda aðalfund í haust og þá að loknu stjórnþalanámskeiðinu.

Sjálfstæðisfélag Vestmannaeyja.

Gíslason bæjarstjóri, Einar H. Eiríksson og Stefán Árnason. Á þessum fundi voru einkum rædd verkalyðsmál. Í ljós kom, að Alþýðuflokksmenn hafa boðið Sjálfstæðismönnum upp á samstarf í kosningum til Alþýðusambandspings. Hins vegar hafa Sjálfstæðismenn verið hikandi og ekki enn tekið því tilboði. Telja þeir sig hafa slæma reynslu af samstarfi við krata í verkalyðsmalum og hafi þeir einu sinni svikið á seinstu stundu undir súlikum kringumstæðum. Ég skýrði þeim frá, að samstarf hefði tekist milli Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokkins í ríkum mæli og því væri mjög æskilegt, ef hið sama gæti tekist í Vestmannaeyjum, ekki sízt þar eð kommúnistar hafa um alllangt skeið haft þá til fulltrúa, sem verkalyðsfélögin í Eyjum senda á Alþýðusambandsping. Þeir voru vongóðir um, að unnt yrði að ná öllum þessum fulltrúum, ef samvinna tækist milli lýðræðisflokkanna, þ.e. Sjálfstæðisflokkins og Alþýðuflokksins.

Pessir forystumenn Sjálfstæðisflokkins í Eyjum töldu mjög æskilegt, ef stjórnþalanámskeið kæmist á í haust.

Stjórnþalaástand o.fl.

Eins og kunnugt er, vann Sjálfstæðisflokkurinn mikinn sigur í bæjarstjórnar-kosningunum s.l. vetur. Vestmannaeyingar töldu að þar væri ekki um hreint flokksfylgi, heldur ætti það að miklu leyti rót sína að rekja til þess, hve Sjálfstæðismenn hefðu sýnt mikinn dugnað í stjórn sinni á bæjarfélagini. Bæjarstjórin Guðlaugur Gíslason hefði átt sinn þátt í því með frábærum dugnaði sínum

Eins og að ofan greinir voru menn allmjög uggandi um næstu Alþingiskosningar, einkum yngri menn. Mjög mikið er nú af ungu fólk í Vestmannaeyjum, t.d. fengu 186 manns kosningarátt í fyrsta skipti við síðustu bæjarstjórnarkosningar. Töldu yngri menn, að Jóhann P. Jósefsson hefði nú misst allt samband við yngra fólk í Eyjum, þekkti það alls ekki lengur og vafamál væri, hvort það myndi kjósa hann næst.

Um væntanlegan frambjóðanda var mikið rætt um Guðlaug Gíslason, enda virðist hann njóta mikilla vinsælda og trausts í Vestmannaeyjum.

Atvinna hefur verið mjög mikil í Eyjum undanfarið. Hafa allmiklar framkvæmdir verið á vegum bæjarfélagsins, t.d. hafa allmargar gotten verið malbikaðar í sumar og keypt til þess sérstök tæki. Mikið er um nýbyggingar og er það einkum ungt fólk, sem byggir.

Reykjavík, 11. ágúst 1958.